

24

28. febr. Handa biskupinum 1000 —

25

4. marz.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um styrk handa búnaðarfjelagi.* — Búnaðarfjelað suðuramtsins hefir 7. f. m. sent hingað beiðni um, að það megi fá til umráða 850 kr. af þeim 2400 kr., sem með 10. grein fjárhagslaganna fyrir 1876—77 frá 15. okt. f. á. eru veittar fyrir yfirstandandi ár til eflingar landbúnaði, og ætlast fjelagið til að verja hinni umbednu upphæð, sem hjer segir:

1. Til launa handa búfræðingi Sveini Sveinssyni auk þeirra 200 kr., sem hið kgl. danska landbústjórnarfjelað hefir hingað til veitt, og búizt er við að enn verði veittar 600 kr.
 2. Til eflingar vatnsveitingum 200 —
 3. Til ýmsra útgjalda, er af þessum báðum ráðstöfunum leiða 50 —
- þess utan hefir fjelagið beiðni um, að sjer yrði veittar 200 kr. af þeim 10,000 krónum, sem veittar eru í 15. gr. fjárlaganna, til að kaupa fyrir mjólkuráhöld og 300 kr. til að undirbúa nautgripasýningu með verðlaunum. Eptir að jeg nú í brjefi frá 1. þ. m. hef meðtekið ummæli herra amtmannsins um beiðni þessa, skal jeg til þóknanlegrar birtingar fyrir tjeðu fjelagi tjá yður það, er hjer greinir:

Þar eð það, sem hið kgl. danska landbúnaðarfjelað hefir skotið til launa búfræðings Sveins Sveinssonar, að undanförunu hefir verið veitt með því skilyrði, að hlutaðeigandi amt hjer á landi sjálft legði fram jafnmikið fje, og þar eð það virðist eiga vel við í sjálfu sjer, að þess konar styrkur af landssjóði sje því skilyrði bundinn, að þeir sem næstir standa til hagsmuna af honum, leggi sjálfir altjend nokkuð fje til haps, hefi jeg af fje því, sem ætlað er í 10. gr. fjárhagslaganna til eflingar landbúnaði veitt fyrst um sinn

1. sem tillag til launa Sveins búfræðings Sveinssonar fyrir yfirstandandi ár 400 kr.
 2. til eflingar vatnsveitingum í suðuramtinu 200 —
 3. til að útvega mjólkuráhöld 200 —
- alls 800 —

og ávísað þessari upphæð úr jarðabókarsjóðnum til búnaðarfjelags suðuramtsins, og bið jeg því fengna hjálagða ávísun.

Hvort ástæða væri til að greiða tillag nokkurt af landssjóði til að koma fram gripasýningum verður undir því komið, hvornig menn hugsa sjer slíkri sýningu fyrir komið, og í annan stað, hvort þeir leggja nokkurt fje fram, sem næstir standa til að hafa hag af henni, en um þessi atriði hefir hin fyrirliggjandi beiðni engar skýringar að færa.

Að svo miklu leyti, sem suðuramtinu gæti hlotnast ítarlegri hlutdeild en ofan nefndar 800 kr., í þeim 2400 kr., sem 10 gr. fjárlaganna veitir til eflingar landbúnaðinum, má um það vænta nánari úrlausnar einhverntíma á árinu.

26

24. marz

— *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um gufuskipssferðir kring um landið.* — Innanriksstjórnin hefir í brjefi frá 29. f. m. skýrt mjer frá að nú líti út fyrir að pósgufuskipssferðirnar milli Kaupmannahafnar og Íslands þegar að sumri verði auknar svo, að gufuskipið «Diana» fari eptirleiðis 3 ferðir á ári milli Kaupmannahafnar og strandanna á Íslandi; en gufuskip eitt er hið sameinaða gufuskipssjelað í Kaupmannahöfn á, taki að sjer sjö árlegu ferðirnar milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur, sem «Diana» hingað til hefir farið.